



Reykjavík, 21. október 2024

MSS24090132

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um stefnumótun fjölmennningarborginnar Reykjavík

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Hlutverk:

Stýrihópurinn hefur það hlutverk að móta heildstæða stefnu um fjölmennningarborgina Reykjavík með fjölmenningsaryfirlýsingu Reykjavíkurborgar¹ að leiðarljósi. Áhersla verði lögð á inngildingu (e. inclusive integration), jafnrétti og virka þátttöku fyrir öll í borgarsamfélagini. Markmið stýrihópsins er tryggja að fjölmennningarleg gildi endurspeglist í allri stefnumótun sem og þjónustu borgarinnar og að framlagi innflytjenda verði gert hærra undir höfði.

Stýrihópurinn á að endurskoða nálgun á málaflokkinn í heild sinni og skapa skýra framtíðarsýn á fjölmennningarborgina Reykjavík.

Í samræmi við fjölmenningsaryfirlýsinguna sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur þann 17. september 2019 þarf stefnumótun og eignarhald á aðgerðum fyrst og fremst að vera á vegum sviðanna. Hlutverk stýrihópsins er að tryggja skýran ramma fyrir þá vinnu og að svíðin fái þann stuðning sem þau þurfa. Sérstök áhersla verður lögð á mannaúð borgarinnar þannig að starfsfólk endurspegli fjölbreytni samfélagsins og sé í stakk búið til að þjónusta öll.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Að greina stöðu innflytjenda í borginni með því að rýna þau gögn sem til eru um málaflokkinn m.a. með skoðun á gildandi stefnumótun og aðgerðaráætlunum.
- Að eiga samráð við hagaðila utan og innan Reykjavíkurborgar.
- Að vinna drög að heildstæðri stefnu um fjölmennningarborgina Reykjavík og aðgerðaráætlun með inngildingu og fjölmenningsaryfirlýsingu Reykjavíkurborgar að leiðarljósi.

Í vinnunni sé tekið mið að eftirfarandi þáttum: Reykjavíkurborg sem stjórnvald; sem atvinnurekandi; sem þjónustuveitandi; sem samstarfaðili og verkkaupi.

Stefnan taki mið af mannréttindastefnu borgarinnar og áherslum í verkefninu Fjölmennningarborgir (e. Intercultural Cities), sem Reykjavíkurborg er aðili að.

Starfshópinn/stýrihópinn skipa:

Sabine Leskopf, formaður
Friðjón R. Friðjónsson

¹ Fjölmenningsaryfirlýsing Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn þann 17. september 2019.



Magnea Gná Jóhannsdóttir
Magnús Davíð Norðdahl
Sanna Magdalena Mörtudóttir

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:
Aleksandra Kozimla, starfsmaður mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

Til ráðgjafar og samstarfs:

Við vinnu við gerð stefnunnar skal haft náið samráð við fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar.

Auk þess skal haft samráð við hagsmunafélög innflytjenda, svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar. Að auki leiti starfshópurinn ráðgjafar utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil og skil:

Niðurstöður stýrihópsins verði lagðar fyrir borgarráði fyrir lok maí 2025.



Einar Þorsteinsson
borgarstjóri